



Borgarráð

Samgöngusáttmáli - uppfærsla

Lagt er fram til kynningar minnisblað stýrihóps Samgöngusáttmálans dags. 9. mars 2023 vegna uppfærslu á Samgöngusáttmála. Ríkið og sex sveitarfélög sem standa að samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins hafa ákveðið að hefja undirbúning að því að uppfæra sáttmálann og gera viðauka við hann. Verkáætlun um uppfærsluna var samþykkt á fundi forsætisráðherra, fjármálaráðherra og innviðaráðherra með bæjarstjórum sveitarfélaganna, borgarstjóra og Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu fyrir helgi. Gert er ráð fyrir að hægt verði að undirrita viðauka við samgöngusáttmálann í sumar.

Dagur B. Eggertsson

borgarstjóri

Hjálagt:

Minnisblað stýrihóps Samgöngusáttmálans um verkáætlun um uppfærslu forsenda og undirbúning viðauka, dags. 9. mars 2023.

Minnisblað

Viðtakandi: **Stýrihópur Samgöngusáttmálans**
Sendandi: **Innviðaráðuneyti og SSH**
Dagsetning: **09.03.2023**
Málsnúmer:
Bréfalykill:

Efni: Samgöngusáttmáli – verkáætlun um uppfærslu forsenda og undirbúning viðauka

Sögulegur áfangi varð í samgöngumálum höfuðborgarsvæðisins þann 26. september 2019 þegar ríki og öll sveitarfélögin á svæðinu staðfestu sameiginlega framtíðarsýn og markmið fyrir samgöngur innan svæðisins, Samgöngusáttmálann. Um er að ræða mestu fjárfestingu í samgönguinnviðum í sögu svæðisins og er uppbyggingin hugsuð fyrir alla samgöngumáta.

Samningurinn er umfangsmikill og til langs tíma og var því ljóst frá upphafi að forsendur hans þyrfti á einhverjum tímavæðingum að rýna. Á fundi stýrihóps samgöngusáttmálans þann 23. febrúar sl. voru lögð fram drög að verkáætlun um uppfærslu forsenda og undirbúning viðauka við samninginn sem tæki bæði á þeim áskorunum og tækifærum sem liggja fyrir.

A. Áskoranir

1. Hækkanir kostnaðaráætlana

- Verðlag í verklegum framkvæmdum hefur hækkað umfram almenna verðlagsþróun. Vísitala sáttmálans hefur hækkað um 28%, á sama tíma og vísitala neysluverðs hefur hækkað um 22%. Skuldbinding sáttmálans hefur af þeim sökum hækkað úr 120 ma.kr. í um 153 ma.kr.
- Kostnaður við einstakar framkvæmdir var vanáætlaður, jafnvel umfram upphaflega áætlað óvissustig. Hluti kostnaðaráætlana sem lágu fyrir við gerð Samgöngusáttmálans byggðu á eldri útfærslum, svo sem Arnarnesvegur og mislæg gatnamót Bústaðavegar og Reykjanesbrautar.
- Kostnaðaráætlun vegna Sæbrautarstokks lá ekki að fullu fyrir á þeim tíma sem Samgöngusáttmálinn var undirritaður. Kostnaðarmat við verkefnið „Sæbraut – Holtavegur Stekkjabakki“ miðaðist við mun minna verkefni. Í kostnaðarmati Borgarlínu var þó gert ráð fyrir brú yfir Sæbraut. Sæbrautarstokkur er mjög mikilvægt verkefni m.a. m.t.t. tilkomu Sundabrautar. Þá er stokkurinn grundvallarforsenda í staðarvali Björgunarmiðstöðvar á Kleppareit.

2. Seinkun á tímaáætlunum

- Tímaáætlun framkvæmdaáætlunar sáttmálans hefur raskast og sumum verkefnum seinkað.

3. Mörkun og skilgreining framkvæmda

- Ekki hefur náðst endanlegt samkomulag milli aðila samkomulagsins um það hvað það sé nákvæmlega sem sáttmálinn greiði í hverri framkvæmd og hvað ekki (mörkun). Þá er mikilvægt að það upplegg sem lagt er af stað með í hverri og einni framkvæmd sé skilgreint með skýrum hætti, svo hægt sé að greina seinna meir hvað það sé sem valdi breytingum á kostnaðaráætlunum.
- Ný drög að mörkun sem Betri samgöngur hafa unnið með sveitarfélögunum taka mið af markmiðum Samgöngusáttmálans og gera þá ráð m.a. fyrir umfangsmiklum hjólreiðastígum meðfram Borgarlínuleiðum. Hjólreiðastígur eru hluti staðalsniðs Borgarlínuleiða og sama gildir um stofnvegaverkefni. Við hluta þeirra var ekki gert ráð fyrir samsíða göngu- og hjólreiðastígum á

fyrri stigum. Ljóst er að þeir fjármunir sem ætlaðir voru hjólastígum í upphaflegu samkomulagi munu ekki duga m.v. þessi áform.

- Í drögunum er nú gert ráð fyrir að sáttmálinn greiði helming kostnaðar sveitarfélaganna vegna nauðsynlegra skipulagsbreytinga. Hefur sá kostnaður ekki verið verðmetinn.

4. Rekstur nýs leiðanets almenningsamgangna, þ.m.t. Borgarlínu og innviða

- Ákvarðanir sem varða rekstur almenningsamgangna og veghald innviða hafa ekki verið teknar og eru þegar farnar að valda töfum í hönnunarferlinu.
- Samkvæmt vegalögum er veghald annað hvort á hendi viðkomandi sveitarfélags eða Vegagerðarinnar (þjóðvegir). Sveitarfélögin hafa hins vegar frá upphafi bent á að vegalög nái illa yfir anda Samgöngusáttmálans m.v. markmið hans, þar sé t.d. ekki sérstaklega fjallað um almenningsamgönguinnviði eða borgargötur fyrir fjölbreytta ferðamáta.
- Strætó bs. var falin ábyrgð á innleiðingu reksturs Borgarlínu í maí 2022. Fjármagn hefur þó ekki fylgt og Strætó því í raun ekki farin að vinna að innleiðingu að fullum krafti.

B. Tækifæri

- Áhrif stofnvega- og Borgarlínuinnviða metin m.t.t. markmiða um greiðar samgöngur, fjölbreytta ferðamáta, kolefnishlutlaust samfélag og umferðaröryggi.
- Endurskoða framsetningu framkvæmdatöflu til að auka möguleika Betri samgangna að hafa stjórn á kostnaði, svo sem með því að áhættumeta framkvæmdasafnið og bæta við varasjóði byggt á niðurstöðum áhættumats.
- Uppfæra tímaáætlun sáttmálans í ljósi þess að undirbúningsvinna er komin mun lengra og þekking á verkefnum er orðin þó nokkuð mikil en einnig út frá uppfærðri áætlun um tekjuöflun.
- Ná sátt um skilgreiningu framkvæmda, mörkun og framtíðar rekstrarkostnað innviða.
- Taka mið af fyrirbyggjandi sýn á heildstætt hjólastíganet höfuðborgarsvæðisins og tengda innviði. Grunnur hjólastígapotts verði skilgreindur og kostnaðarmetinn og áhrif þess að flýta þessum framkvæmdum metin út frá markmiðum.
- Samningur um eflingu almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu kláraður, þar sem fram komi m.a. hver aðkoma aðila verður að rekstri nýs leiðanets Borgarlínu og Strætó til að tryggja rekstraröryggi til framtíðar.
- Mat á tekjuöflun uppfært. Talsverðar upplýsingar eru nú til um möguleika og áhrif flýti- og umferðargjalda auk uppfærðs verðmats á Keldnalandi. Greindir verði tekjumöguleikar í kringum þróunarsvæði sem myndast vegna uppbyggingar stokka.

C. Tillaga að verkáætlun

Mars til maí

- **Betri samgöngur** uppfæri framkvæmdatöflu, þ.m.t. tíma- og kostnaðaráætlanir. Áhrif stofnvega- og Borgarlínuinnviða verði metin m.t.t. markmiða um greiðar samgöngur, fjölbreytta ferðamáta, kolefnishlutlaust samfélag og umferðaröryggi. Byggt á því verði sett mælanleg undirmarkmið og árangursvísar.
- **Betri samgöngur** móti leiðir til að auka möguleika félagsins á að hafa stjórn á framkvæmdaáætlun og kostnaði, ásamt tillögum að bættu stjórnskipulagi verkefnisins og einstaka verkefna.

- **Viðræðuhópur ríkis og sveitarfélaga** klári drög að samningi um eflingu almenningsamgangna. Rekstur almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu verði tryggður með aðkomu sveitarfélaga og ríkisins.

Apríl til júní

- **Viðræðuhópur ríkis og sveitarfélaga** semji um uppfærslu á sáttmálanum. Þ.m.t. uppfærða framkvæmdaáætlun og fjármögnun. Verði þar horft til þeirra tekjustofna sem þegar hafa verið skilgreindir ásamt mögulegum nýjum, s.s. vegna þróunar lands við stokka. Samið verður endanlega um mörkun og skilgreiningu þeirra verkefna sem samningurinn tekur á. Mörkun og skilgreining framkvæmda verði hluti uppfærðs samkomulags.

Lok júní

Viðauki við samgöngusáttmála undirritaður.

D. Tímalína:

Mars:

- Stýrihópur samþykkir minnisblað og ræði sameiginlegan skilning þess.
- Viðræðuhópur um Samgöngusáttmála skipaður, Betri samgöngur hefja vinnu við þá verkliði sem að þeim snýr.
- Viðræðuhópur um rekstur taki aftur upp störf með skilgreindar forsendur.

Apríl:

- Betri samgöngur vinna að nauðsynlegum greiningum.
- Viðræðuhópur um rekstur skilar af sér endanlegum tillögum að samkomulagi.

Mái:

- Viðræðuhópur um Samgöngusáttmála skilar af sér tillögum að uppfærslu hans.
- Tillaga að uppfærslu Samgöngusáttmála liggur fyrir, fer til kynningar og afgreiðslu á viðeigandi stöðum.

Júní:

- Uppfærsla á Samgöngusáttmála lögð endanlega fyrir.